



# Frumkvæðisúttekt

## á námi táknmálstalandi nemenda

**Unnið fyrir:**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

**Skýrsluhöfundar:**

Sigríður Sigurðardóttir, Karen Rut Gísladóttir og Sigríður Vala Jóhannsdóttir.

# Efnisyfirlit

<b>Samantekt .....</b>	<b>4</b>
Stefna, sýn og námskrá.....	4
Nám og kennsla .....	5
Félagslegt umhverfi nemenda og möguleikar þeirra til að nýta táknmál til tjáskipta .....	6
<b>Inngangur .....</b>	<b>7</b>
<b>Frumkvæðisúttekt í Hlíðaskóla.....</b>	<b>9</b>
Aðferðir og framkvæmd .....	9
Niðurstöður .....	10
Stefna, sýn og námskrá.....	10
Nám og kennsla .....	13
Félagslegt umhverfi nemenda og möguleikar þeirra til að nýta táknmál til tjáskipta .....	19
<b>Könnun til sveitarfélaga .....</b>	<b>21</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>23</b>
<b>Viðauki.....</b>	<b>24</b>

# Samantekt

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum frumkvæðisúttektar á námi táknmálstalandi nemenda í Hlíðaskóla í Reykjavík þar sem markmiðið var að fá raunsanna mynd af gæðum og framkvæmd á grunnskolanámi nemenda með táknmál að móðurmáli. Í tengslum við úttektina var fjöldi táknmálstalandi nemenda í sveitarfélögum landsins kannaður, þær niðurstöður má finna á blaðsíðu 18. Í Hlíðaskóla var gagna aflað með vettvangsathugunum, viðtölum, rýnihópum og gagnarýni og send var rafræn könnun til foreldra á íslensku og ensku. Þátttaka í könnuninni og í rýnhópi foreldra var dræm. Hér á eftir er upptalning helstu styrkleika og tækifæra til umbóta undir þeim þáttum sem skoðaðir voru í Hlíðaskóla.

## Stefna, sýn og námskrá

### Styrkleikar:

- Í skólanámskrá er lögð áhersla á að veita nemendum menntun við hæfi.
- Einstaklingsnámskrár eru unnar fyrir þá nemendur táknmálssviðs sem á þurfa að halda og unnið út frá þeim.
- Inntökufundir eru fyrir alla nemendur táknmálssviðs og unnið er að nýrri stefnu um inntöku nemenda.
- Í starfsmannahópnum búa margvíslegar hugmyndir til að vinna áfram að tvítyngsstefnu skólans.

### Tækifæri til umbóta:

- Vinna stefnu fyrir táknmálssvið með aðkomu allra hagsmunahópa og setja hana fram í skólanámskrá. Mikilvægt er að þeir sem fjallað er um, heyrnarlausir og heyrnarskertir hafi þar mikið vægi.
- Vinna þarf markvisst að innleiðingu þeirrar stefnu ásamt því að meta framvindu í innra mati skólans.
- Í tengslum við stefnumótun þarf að setja fram sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar í skólanámskrá og hvaða leiðir eru færar til að sú stefna samræmist þórfum táknmálstalandi nemenda.
- Skapa þarf kennurum og öðru starfsfólk skólans aðstæður og tíma til að koma auga á möguleika til að þróa kennslufræði skóla án aðgreiningar sem kemur til móts við nemendur með táknmál að móðurmáli.
- Vinna þarf áætlun um sérstakan stuðning sem nemendum táknmálssviðs er veittur og birta í skólanámskrá.

### Tækifæri til umbóta utan skólans:

- Vinna heildarstefnumótun í málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi út frá lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls með aðkomu allra hagsmunaaðila. Mikilvægt er að þeir sem fjallað er um, heyrnarlausir og heyrnarskertir hafi þar mikið vægi.
- Í tengslum við heildarstefnumótun þarf að skoða markvisst hvort nám og kennsla þess fámenna hóps sem táknmálstalandi nemendur á

Íslandi eru eigi betur heima í minni skóla þar sem hlutföll heyrnarlausra/heyrnarskertra og heyrandi eru jafnari.

- Reykjavíkurborg styðji við stefnumótun fyrir táknmálssvið og leiðbeini og fylgi eftir umbótum í kjölfar ytra mats.

## Nám og kennsla

### Styrkleikar:

- Námsumhverfið á táknmálssviði tekur mið af menningu og samskiptareglum heyrnarlausra.
- Unnið hefur verið að bættri hljóðvist í skólanum.
- Smarttöflur eru í kennslustofum og þær notaðar og hljóðkerfi er til staðar.
- Öflugir döffl kennrar starfa við Hlíðaskóla sem hafa mikinn metnað fyrir hönd táknmálsins og nemenda sinna.
- Kennrar sýndu almennt kennslufræðilega hæfni í vettvangsathugunum.
- Nokkrir heyrandi kennrar hafa gott vald á táknmáli.
- Á táknmálssviði sáust fjölbreyttir kennsluhættir sem tóku mið af menningu og samskiptareglum heyrnarlausra.
- Viðmælendur í viðtolum og rýnihópum í skólanum sögðu jákvæð viðhorf ríkja innan skólans til táknmálsins.
- Ánægja er með kennslu í byrjendalæsi á táknmálssviði á yngsta stigi.
- Yngri nemendur hafa tækifæri til umræðu, skoðanaskipta, samvinnu og samstarfs í gegnum byrjendalæsi.
- Táknmálskennsla er einstaklingsmiðuð og unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár.
- Námsmat táknmálstalandi nemenda er byggt á aðalnámskrá grunnskóla og metið er út frá hæfniviðmiðum og matskvörðum sem birtir eru í skolanámskrá.
- Flestir foreldrar/forráðamenn sem þátt tóku í könnun og rýnihópi eru ánægðir með kennsluna og skólann.

### Tækifæri til umbóta:

- Vinna þarf markvisst með stöðu táknmálssviðs innan skólans og fá handleiðslu utanaðkomandi sérfræðinga við þá vinnu.
- Gera táknmál sýnilegra í námsumhverfinu öllu.
- Auka táknmálskennslu fyrir alla nemendur.
- Stórefla táknmálskennslu fyrir alla kennara og skoða hvort hægt sé að umbuna kennurum á einhvern hátt fyrir námið.
- Efla samstarf heyrandi og döff kennara og tryggja aðgengi döff kennara að túlkum svo þeir geti tekið þátt í samstarfi á sama hátt og aðrir kennarar skólans.
- Efla fræðslu fyrir starfsfólk um menningu heyrnarlausra.
- Í stefnumótun þarf að skoða hvernig best er hægt að koma til móts við þarfir táknmálstalandi nemenda varðandi nám og kennslu og leggja

---

<sup>1</sup> Samkvæmt heimasíðu [Félags heyrnarlausra](#) er orðið döff notað á Íslandi um heyrnarlaust fólk sem talar táknmál. Að vera döff er að tilheyra samfélagi heyrnarlausra og líta á táknmál sem sitt fyrsta mál.

þar áherslu á sveigjanleika, þannig að nemendur búi við gott málsamfélög.

- Auka tækifæri nemenda til umræðu, skoðanaskipta, samvinnu og samstarfs í skólanum, m.a. í gegnum fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf eins og hefur verið gert hjá yngri nemendum í byrjentalæsi.
- Skýra hlutverk og verkaskiptingu á milli kennara, túlka og stuðningsfulltrúa.
- Gæta þess að túlkar séu alltaf til staðar og túlki allt sem fram fer.
- Nýta má tæknina enn betur.
- Betur má nýta tímann í kennslustundum.
- Klára kafla um táknmálssviðið í skólanámskrá, lýsa þar fyrirkomulagi náms, námsumhverfi og námsmati.
- Setja fram tilhögun sérstaks stuðnings við táknmálstalandi nemendum í kennsluáætlunum og tengja við einstaklingsnámskrár.
- Skrá í námskrá hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats.
- Skólinn þarf að leggja meiri áherslu á öflugt samstarf við alla ytri aðila sem koma að málum táknmálstalandi nemenda.

#### Tækifæri til umbóta utan skólans:

- Í tengslum við stefnumótun þarf að skoða hvort þörf sé á öðru námsmati í táknmáli en skólinn sér um.
- Fara í markvissa námsefnisgerð fyrir táknmálstalandi nemendum.
- Auka framboð menntunar og endurmenntunar fyrir kennara og fagfólk sem starfar með táknmálstalandi nemendum.
- Efla samstarf milli ólíkra aðila/stofnana sem koma að málefnum táknmálstalandi nemenda og skoða hvernig nýta megi þekkingu og reynslu sem verður til á ólíkum stöðum til að móta og þróa tækifæri til menntunar þessa nemendahóps.

## Félagslegt umhverfi nemenda og möguleikar þeirra til að nýta táknmál til tjáskipta

#### Styrkleikar:

- Að sögn flestra foreldra/forráðamanna í rýnhópi og könnun fá börnin þeirra tækifæri til fjölbreyttra samskipta í skólanum og taka þátt í félagslifi skólans.
- Til að búa nemendum betra málsamfélag sitja yngri nemendur saman í matsalnum í hafragrautnum á morgnana ásamt starfsmönnum táknmálssviðs.
- Nemendum er boðið upp á málörvun á vegum Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra einu sinni í viku.

#### Tækifæri til umbóta:

- Auka tækifæri til samskipta bæði innan og utan kennslustofunnar með sveigjanlegum starfsháttum.
- Vinna markvisst að því að jafna stöðu tungumálanna og efla fræðslu um táknmál og menningu heyrnarlausra.
- Huga að því, í samráði við Samskiptamiðstöð, hvort ekki sé hægt að fullnægja málörvun í skólanum svo börnin þurfi ekki að ferðast á milli stofnana í leigubílum á skólatíma.

# Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum frumkvæðisúttektar á námi táknmálstalandi nemenda í Hlíðaskóla í Reykjavík sem fram fór í desember 2018 og janúar 2019. Ennfremur er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar sem send var til allra sveitarfélaga á landinu í nóvember 2018, þar sem spurt var um táknmálstalandi nemendur í hverju sveitarfélagi síðustu fimm ár og hvaða þjónustu þeir hafi fengið. Frumkvæðisúttektin var gerð á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Markmið úttektarinnar var að fá raunsanna mynd af gæðum og framkvæmd á grunnskólanámi nemenda með táknmál að móðurmáli. Þeir þættir sem ráðuneytið lagði áherslu á að skoðaðir yrðu eru:

- Stefna og sýn skólangs á nám táknmálstalandi nemenda.
- Nám og kennsla með áherslu á táknmálskennslu og aðgengi að námsefni til slíks náms. Einnig á annað skyldunám, fyrirkomulag, námsefni og tækifæri til að nota íslenska táknmálið í almennu námi.
- Félagslegt umhverfi nemenda í skólanum og möguleikar þeirra til að nýta táknmál til tjáskipta.

Ráðuneytið fól Sigríði Sigurðardóttur matsfræðingi, Karen Rut Gísladóttur dósent við Háskóla Íslands og Sigríði Völu Jóhannsdóttur MA í heildraðinni menntun (e. Contemplative Education) framkvæmd úttektarinnar. Sigríður er heyrandi og talar ekki táknmál, Karen Rut er heyrandi og talar táknmál og Sigríður Vala er döff.<sup>2</sup> Sigríður og Karen tóku saman viðtöl utan skólangs en Sigríður tók öll viðtöl og rýnihópa innan skólangs þar sem Karen Rut kenndi áður við táknmálssvið Hlíðaskóla. Sigríður, Karen Rut og Sigríður Vala tóku allar þátt í vettvangsathugunum. Sigríður var ritstjóri og sá um könnunina til sveitarfélaga.

Táknmálssvið Hlíðaskóla varð til við sameiningu Vesturhlíðaskóla og Hlíðaskóla árið 2003. Í Hlíðaskóla eru nú 465 nemendur og þar af eru 17 skráðir á táknmálssvið. Nemendur táknmálssviðs eru fjölbreyttur hópur. Þetta er nemendur sem eru ýmist heyrnarlausir eða með mismikla heyrnarskerðingu og sumir eru með kuðungsígræðslu. Margir eru einnig greindir með ýmsar fylgifatlanir. Nemendurnir fá þjónustu frá sviðinu eftir þörfum og eru ekki allir táknmálstalandi. Á táknmálssviði starfa nú 12 starfsmenn þar af fórir döff kennarar, einn þroskaþjálfari, þrír sérkennrarar og þrír stuðningsfulltrúar. Sérstakur deildarstjóri stýrir sviðinu og einn af döff kennurunum er í 50% starfi

<sup>2</sup> Samkvæmt heimasíðu [Félags heyrnarlausra](#) er orðið döff notað á Íslandi um heyrnarlaust fólk sem talar táknmál. Að vera döff er að tilheyra samfélagi heyrnarlausra og líta á táknmál sem sitt fyrsta mál.

sem verkefnastjóri. Skólastjóri Hlíðaskóla er Kristrún Guðmundsdóttir og deildarstjóri táknmálssviðs er Helga Ingibergsdóttir.

Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir framkvæmd úttektarinnar og gagnaöflun og því næst verða niðurstöður settar fram. Í lok skýrslunnar er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar til sveitarfélaga um táknmálstalandi nemendur.

# Frumkvæðisúttekt í Hlíðaskóla

## Aðferðir og framkvæmd

Við úttektina var unnið út frá aðalnámskrá grunnskóla<sup>3</sup> og lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.<sup>4</sup> Gagnaöflun fór fram í desember 2018 og janúar 2019 og var gagna aflað á eftirfarandi hátt að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis:

### 1. Vettvangsathuganir.

Matsmenn voru á vettvangi dagana 7., 10. og 11. desember. Fylgst var með í samtals 22 kennslustundum þar sem nemendum táknmálssviðs var fylgt eftir inni í bekkjum, í sérkennslu og í kennslu á táknmálssviði. Fylgst var með í fjölbreyttum tímum, bæði bóklegum og verklegum og einnig í frímínútum. Í vettvangsathugunum skrifuðu matsmenn vettvangsnotur sem voru þemagreindar en einnig var stuðst við gátlista sem unninn var upp úr aðalnámskrá grunnskóla og tveimur gátlistum, öðrum úr ytra mati grunnskóla frá [Menntamálastofnun](#)<sup>5</sup> og hinum úr bæklingnum [Innra mat grunnskóla](#).<sup>6</sup> Gátlistann sem stuðst var við má finna í viðauka.

### 2. Viðtöl og rýnihópar.

Tekin voru viðtöl og rýnihópaviðtöl við eftirfarandi aðila:

- Einstaklingsviðtal við skólastjóra Hlíðaskóla.
- Einstaklingsviðtal við deildarstjóra táknmálssviðs Hlíðaskóla.
- Rýnihópaviðtal við döff kennara með táknmálstúlkum.
- Rýnhópaviðtal við aðra kennara.
- Rýnhópaviðtal við foreldra. Boðið var upp á tvö rýnhópaviðtöl, annað án táknmálstúlks og hitt með táknmálstúlkum. Enginn mætti í viðtalið með táknmálstúlkum.
- Einstaklingsviðtal við forstöðumann Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, Valgerði Stefánsdóttur.
- Einstaklingsviðtal við formann Félags heyrnarlausra, Heiðdísí Eiríksdóttur.
- Einstaklingsviðtal við Hrund Logadóttur á skóla- og fristundasviði Reykjavíkurborgar.

<sup>3</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, (2013)

<sup>4</sup> Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011

<sup>5</sup> Menntamálastofnun, (2018)

<sup>6</sup> Sigríður Sigurðardóttir, (2016)

### 3. Könnun til foreldra.

Rafræn könnun var send til allra foreldra nemenda sem skráðir eru á táknmálssvið, könnunin var á íslensku og ensku. Könnunin var ekki hluti af þeirri gagnaöflun sem ráðuneytið lagði upp með en matsmenn ákváðu að bæta henni við sökum dræmrar þátttöku í rýnihópum foreldra. Þátttaka í könnun var lítil en svarað var fyrir sex börn af 17. Unnið var eigindlega úr könnuninni og niðurstöður hennar dregnar fram með röddum foreldra í rýnihópi.

### 4. Gagnarýni.

Rýnt var í eftirfarandi gögn:

- Skólanámskrá Hlíðaskóla ásamt námskrám bekkja.
- Starfsáætlun Hlíðaskóla 2018-2019.
- Sýnishorn af kennsluáætlunum kennara.
- Sýnishorn af einstaklingsáætlunum.

## Niðurstöður

### Stefna, sýn og námskrá

Í skólanámskrá Hlíðaskóla er fjallað um stefnu og áherslur skólans. Þar segir að unnið sé samkvæmt stefnunni um skóla án aðgreiningar og skólinn eigi að þjóna heyrnarlausum, heyrnarskertum og heyrandi nemendum þannig að allir fái kennslu við hæfi. Ennfremur segir að unnið sé eftir tvítyngisstefnu sem þýði að málin tvö, íslenska og íslenskt táknmál eigi að vera jafngild í skólanum. Stuttlega er fjallað um táknmálssvið skólans á heimasíðu, um hugmyndafræði og hlutverk sviðsins, skipulag kennslu og mat. Hjá báðum stjórnendum kom fram að enn er margt óunnið í þeim kafla og deildarstjóri sagði að unnið væri að viðbótum.

Skólanámskrá leggur áherslu á leiðir til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda en sameiginleg sýn um skóla án aðgreiningar hefur ekki verið unnin og ekki heldur sérstök stefna fyrir táknmálssviðið en báðir þessir þættir voru nefndir sem tækifæri til umbóta í ytra mati á skólanum sem fór fram á vegum Reykjavíkurborgar árið 2016.<sup>7</sup> Ekki hefur verið unnin áætlun um sérstakan stuðning sem táknmálstalandi nemendum er veittur en að sögn deildarstjóra er unnið út frá hverjum einstaklingi fyrir sig. Áður en táknmálstalandi nemandi byrjar í skólanum fer fram inntökuvíðtal með fulltrúa frá Reykjavíkurborg þar

<sup>7</sup> Sigrún Harpa Magnúsdóttir og fl. (2016)

sem farið er yfir þá þjónustu sem nemandinn mun fá. Nú er einnig unnið að nýrri inntökustefnu fyrir táknmálssvið hjá borginni.

Skólastjóri segir í viðtali að stefna skólans í málefnum táknmálstalandi nemenda sé að búa þá undir líf og starf og leiða þá út í framhaldsskólann eins og alla aðra nemendur og að unnið væri út frá stefnu stjórnvalda um skóla án aðgreiningar. Deildarstjóri táknmálssviðs segir í viðtali að sýn skólans á nám nemenda sviðsins sé að veita þeim menntun við hæfi og að unnið sé með um 80% þeirra út frá einstaklingsnámskráum. Í viðtöllum og rýnihópum sem tekin voru í Hlíðaskóla kom fram ólíkur skilningur á tvítyngisstefnu skólans og hvað það þýðir að tungumálin eigi að vera jafngild, sumir nefndu að það þýddi að virðing fyrir málunum ætti að vera jöfn á meðan aðrir töluðu um að tvítyngi þýddi að vera jafnvígur á báðum málunum. Hjá öllum viðmælendum kom fram að þó ýmislegt hefði áunnist frá 2003 þá ætti skólinn langt í land með að ná tvítyngisstefnunni sem sett er fram í stefnu skólans. Í rýnihópum kennara komu fram ýmsar hugmyndir um hvernig betur mætti vinna að þeirri stefnu.

Í viðtöllum og rýnihópum í Hlíðaskóla kom fram að nemendahópurinn á táknmálssviði er fjölbreyttur. Nemendur sem eru ýmist heyrnarlausir eða með mismikla heyrnarskerðingu og sumir eru með kuðungsígræðslu. Margir eru einnig greindir með ýmsar fylgifatlanir. Viðhorf foreldra til íslenska táknmálsins geta verið mismunandi. Sumir foreldrar vilja leggja áherslu á táknmálskennslu á meðan aðrir leggja áherslu á íslensku sem fyrsta mál. Í viðtöllum við hagsmunaaðila utan skólans var bent að foreldrar fá oft misvísandi skilaboð frá þeim stofnunum sem sjá um málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra barna. Annars vegar er lögð áhersla á að með kuðungsígræðslum sé fyrsta mál barnanna íslenskan og hlúa þurfi að henni. Hins vegar er lögð áhersla á tvítyngi táknmáls og íslensku þar sem mikilvægt er að börnin verði jafnvíg á bæði tungumálin og geti valið út frá aðstæðum hvort málið gagnist þeim betur hverju sinni. Fram kom innan skólans að verkefnið geti oft á tíðum verið flókið og mikilvægt að skólinn marki sér ákveðna stefnu sem fylgt sé.

Döff kennrarar í rýnhópi upplifa að það sé á þeirra ábyrgð að standa vörð um táknmálið innan skólans og segja það baráttu á hverjum degi. Við sameininguna 2003 hafi „táknmálsumhverfið horfið“ en í dag sé það til staðar að einhverju leyti en það hafi kostað mikla vinnu. Í rýnhópaviðtali við aðra kennara skólans kom fram að táknmálið væri ekki sýnilegt þegar gengið er inn í skólann. Það sæust helst vísbendingar um það í kringum táknmálssviðið eða táknmálsstofuna. Döff kennrarar telja það lykilatriði að skólinn marki sér skýra stefnu um nám táknmálstalandi nemenda sem hluta af heildarstefnumótun og kennararnir kölluðu eftir meiri stuðningi frá borginni í þeim efnunum.

Í viðtöllum kom fram að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Félagi heyrnarlausra hafa borist ábendingar og áhyggjur af menntun táknmálstalandi nemenda á Íslandi og hafa komið þeim ábendingum á framfæri við yfirvöld. Áhyggjurnar beinast að því að skólakerfið ráði ekki við að mæta þörfum táknmálstalandi nemenda eins og lög gera ráð fyrir og að þeir búi ekki

við frjótt og jákvætt málsamfélag sem nauðsynlegt er fyrir eðlilega máltöku og málþroska. Forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar segir í viðtali að í sínum huga þyði skóli án aðgreiningar að veita eigi öllum börnum sömu möguleika á menntun. Það sé ekki gert með blöndun þessa fámenna hóps í svo stórum skóla þar sem ekki sé litið jöfnum augum á tungumálin. Fyrst og fremst verði að líta á þarfir táknmálstalandi nemenda. Það tungumál sem þeir verði alltaf sterkastir í sé táknmálið. Íslenskan eigi líka að skipa stóran sess enda eigi að líta á þessa nemendur sem tvítyngda og að bæði tungumálin séu jafnréttihá. Lykillinn að menntun táknmálstalandi nemenda sé í gegnum þeirra mál en ekki í gegnum túlka eða sérkennslu. Formaður Félags heyrnarlausra deilir þessum áhyggjum og segir að hugmyndin um skóla án aðgreiningar eins og hún hefur þróast hér á landi gangi ekki upp fyrir þennan hóp nemenda. Báðir viðmælendur lögðu ríka áherslu á mikilvægi þess að táknmálstalandi nemendur búi við málsamfélag á sínu móðurmáli, táknmálinu. Í viðtolunum kom fram að mikilvægt væri að allir væru að stefna í sömu átt þegar kæmi að námi þessa hóps og að snemmtæk íhlutun væri afar mikilvæg. Mikil þörf væri því á heildarstefnumótun í málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra. Formaður félags heyrnarlausra benti á mikilvægi þess að vel þyrfti að huga að valdajafnvægi í þeirri stefnumótun og gæta þess að þeir sem fjallað er um, heyrnarlausir og heyrnarskertir, hefðu þar mikið vægi.

Styrkleikar:

- Í skólanámskrá er lögð áhersla á að veita nemendum menntun við hæfi.
- Í starfsmannahópnum búa margvíslegar hugmyndir til að vinna áfram að tvítyngisstefnu skólans.
- Einstaklingsnámskrár eru unnar fyrir þá nemendur táknmálssviðs sem á þurfa að halda og unnið út frá þeim.
- Inntökufundir eru fyrir alla nemendur táknmálssviðs.
- Unnið er að sérstakri stefnu um inntöku nemenda.

Tækifæri til umbóta:

- Vinna stefnu fyrir táknmálssvið með aðkomu allra hagsmunahópa og setja hana fram í skólanámskrá. Mikilvægt er að þeir sem fjallað er um, heyrnarlausir og heyrnarskertir hafi þar mikið vægi.
- Vinna þarf markvisst að innleiðingu þeirrar stefnu ásamt því að meta framvindu í innra mati skólans.
- Í tengslum við stefnumótun þarf að setja fram sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar í skólanámskrá og hvaða leiðir eru færar til að sú stefna samræmist þörfum táknmálstalandi nemenda.
- Skapa þarf kennurum og öðru starfsfólk skólans aðstæður og tíma til að koma auga á möguleika til að þróa kennslufræði skóla án aðgreiningar sem kemur til móts við nemendur með táknmál að móðurmáli.
- Vinna þarf áætlun um sérstakan stuðning sem nemendum táknmálssviðs er veittur og birta í skólanámskrá.

Tækifæri til umbóta utan skólans:

- Vinna heildarstefnumótun í málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi út frá lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknumáls með aðkomu allra hagsmunaaðila. Mikilvægt er að þeir sem fjallað er um, heyrnarlausir og heyrnarskertrir hafi þar mikið vægi.
- Í tengslum við heildarstefnumótun þarf að skoða markvisst hvort nám og kennsla þess fámennta hóps sem táknumálstalandi nemendur á Íslandi eru eigi betur heima í minni skóla þar sem hlutföll heyrnarlausra/heyrnarskertra og heyrandi eru jafnari.
- Reykjavíkurborg styðji við stefnumótun fyrir táknumálssvið og leiðbeini og fylgi eftir umbótum í kjölfar ytra mats.

## Nám og kennsla

### Námsumhverfi

Námsumhverfi á táknumálssviði tekur mið af menningu og samskiptum heyrnarlausra en töluvert skortir upp á það annars staðar í skólanum. Þegar gengið er inn í skólann eru lítil merki þess að þar séu táknumálstalandi nemendur. Þátttakendur í rýnihópum og viðtölum voru sammála um að þar gæti skólinn gert betur. Í kennslustofum eru smarttöflur og hljóðkerfi og hugað hefur verið að hljóðvist m.a. með þykkum gardínum og tennisboltum undir stólum. Á vettvangi sást að í flestum stofum var borðum raðað upp í u þannig að allir gætu verið í augnsambandi en í sumum tímum var uppröðun þó ábótavant.

Heyrandi nemendur í 1. til 7. bekk fá 20 mínútna táknumálskennslu á viku. Í viðtölum og rýnihópum kom fram mikil ánægja með þá kennslu en allir voru sammála því að hún þyrfti að vera enn meiri. Nemendum í 8.-10. bekk er boðið að taka táknumál í vali en það hefur ekki verið vel sótt að sögn þátttakenda í viðtölum og rýnihópum. Foreldrar/forrāðamenn sögðu í könnun og rýnhópi að leggja þyrfti mun meiri áherslu á táknumálskennslu fyrir heyrandi nemendur en nú er gert.

Fram kom í rýnihópum að færni kennara í táknumáli er misjöfn. Kennrarar í rýnhópi sögðust gjarnan vilja standa sig betur á því sviði og sögðu framboð á námskeiðum ekki nægjanlegt. Í viðtölum og rýnhópum kom einnig fram ábending um að gott væri ef skólastjóri kynni táknumál. Rætt var um að það væri krefjandi að læra nýtt tungumál og að gjarnan mætti fylgja því einhver umbun, t.d. launaflokkar eða einingar í háskólanámi. Allir viðmælendur voru sammála því að verulega þyrfti að styrkja stöðu táknumáls innan skólans en fram kom að viðhorf fólks gagnvart táknumálinu væru jákvæð. Skólastjóri sagði í viðtali að erfiðlega hafi gengið að fá kennara til að kenna táknumálsnámskeið en tveir kennrarar innanhúss hefðu stundum tekið það að sér. Forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar segir að brýnt sé að mennta kennara og fagfólk sem starfar með táknumálstalandi nemendum og í raun sé engin menntun eða endurmenntun sérsniðin að kennurum táknumálstalandi nemenda.

### Fyrirkomulag náms og faglegt samstarf

Eins og fram kemur að framanverðu er nemendahópurinn á táknumálssviði fjölbreyttur og þarfirnar mismunandi. Allir nemendur á táknumálssviði tilheyra

ákveðnum bekk og eru einnig með sérstakan umsjónarkennara á táknmálssviði, að öðru leyti er fyrirkomulag náms skipulagt út frá nemendahópnum hverju sinni og deildarstjóri táknmálssvið heldur utan um allt sem við kemur hverju barni.

Á yngsta stigi er unnið eftir tveggja kennara kerfi, þar sem heyrandi og táknmálstalandi kennrarar vinna saman með þá bekki þar sem táknmálstalandi nemendur eru. Að auki eru túlkar inni í bekkjum ásamt stuðningsfulltrúum, en þeir síðarnefndu tryggja að nemandinn skilji og fái upplýsingar frá túlkinum. Á mið- og unglingastigi eru stundum tveir kennrarar inni, heyrandi og táknmálstalandi, stundum heyrandi kennari og túlkur og stuðningsfulltrúar eftir þörfum. Oftast er fyrirkomulagið þannig að í bóklegum greinum eru tveir kennrarar en túlkar í íþróttatímum og í list- og verkgreinum. Hjá kennurum í rýnihópi kom fram að stundum fara túlkarnir í seinni tímanum í síðastnefndu greinunum. Í tveggja kennara kerfinu eru táknmálstalandi kennararnir stundum í hlutverki stuðningsfulltrúa. Þá fer kennslan fram á íslensku fyrir bekkinn og túlkur túlkar innlangnir. Síðan er það hlutverk kennara táknmálssviðs að tryggja að nemendur þeirra skilji það sem fram fer.

Meginreglan er að nemendur fylgi sínum bekk en það fer þó eftir hverjum einstaklingi fyrir sig og dæmi eru um að nemendum sé nær alveg kennt á táknmálssviði. Nemendum táknmálssviðs í 1. til 4. bekk er kennt saman á táknmálssviði eftir aðferðum byrjentalæsis klukkutíma á hverjum morgni. Þá sjá tveir döff kennrarar um hópinn og fer kennsla fram á táknmáli. Þetta er þróunarverkefni innan skólans.

Þegar kennrarar í rýnihópum voru spurðir um samstarf í tveggja kennara teymum kom í ljós að það er mismunandi. Döff kennrarar sitja árgangafundi þar sem túlkur er til staðar en missa af annarri samvinnu teyma. Fram kom ósk um betra og meira samstarf hjá bæði heyrandi og döff kennurum. Þeir síðarnefndu töldu að nýta mætti þeirra starfskrafta betur en nú er gert. Þeir upplifa sig "til viðbótar" eins og það var orðað, að þeir séu viðtakendur sem taki við því sem að þeim er rétt og reyni að aðlaga það fyrir sína nemendur. Aðrir kennrarar í rýnihópi óskuðu eftir virkara samstarfi við döff kennara.

Döff kennararnir upplifa einnig að táknmálssviðinu sé dálítið ýtt til hliðar af stjórnendum, þeir séu ekki fullgildir meðlimir og kalla eftir sömu virðingu og aðrir kennrarar fá. Þeir óskuðu einnig eftir stuðningi við táknmálskennsluna frá Samskiptamiðstöð, þörf væri á leiðsögn og samvinnu þaðan. Kennararnir vildu sjá mun meira samstarf á milli skólans og annarra stofnanna sem hafa með þekkingu á málefnum einstaklinga með táknmál að móðurmáli að gera.

### **Kennsla, námsmat og námsefni**

Í kennsluáætlunum sem birtar eru á heimasíðu eru námsþættir skráðir svo og hæfniviðmið og hvernig þátturinn er metinn. Kennrarar gera einnig vikuáætlunar í Mentor. Ekki er fjallað um tilhögun sérstaks stuðnings við táknmálstalandi nemendur í kennsluáætlunum bekkja eða tengingu við einstaklingsnámskrár, en

eins og áður hefur komið fram er unnið eftir einstaklingsnámskrám með flesta nemendur táknmálssviðs.

Í vettvangsathugunum sýndu kennarar almennt kennslufræðilega hæfni. Matsmenn voru á vettvangi í desember og nám og kennsla lituðust því af undirbúningi jóla og jólahefðum. Kennsluhættir voru nokkuð fjölbreyttir, nemendur voru t.d. að skreyta stofur sínar og búa til jólagjafir, unnið var að hópefli og leiklist. Á táknmálssviði fóru samskipti fram á táknmáli og þar sáust fjölbreyttir kennsluhættir, bæði í byrjentalæsi og táknmálstínum. Fjölbreyttir kennsluhættir á táknmálssviði, þar sem ráðandi samskiptamál var táknmál, nýttust táknmálstalandi nemendum vel og veittu þeim tækifæri á að fylgjast með og taka fullan þátt í samræðum um ólík viðfangsefni. Betur hefði mátt nýta fjölbreytni í öðrum tímum og gera táknmálið sýnilegra þannig að þessi hópur nemenda gæti tekið meiri þátt í því sem var að gerast og ætti í meiri samskiptum við samnemendur.

Tímarnir sem matsmenn sáu voru misjafnir. Matsmenn sáu heyrandi kennara leiðbeina táknmálstalandi og heyrandi nemendum ýmist með raddmáli og táknmáli og ýta þannig undir samskipti á milli þessara hópa en þeir sáu einnig dæmi þess að heyrnarlausir nemendur vissu ekki hvað átti að gera, vissu ekki hverjir voru með þeim í hópi og gátu jafnvel ekki tekið þátt í því sem fram fór. Margar af þeim kennlustundum sem fylgst var með áttu það sameiginlegt að betur hefði mátt nýta tímann og einnig mátti stundum sjá að starfsfólk hefði getað nýst betur. Smarttöflur voru yfirleitt notaðar en misjafnt var hvort hljóðkerfi var notað.

Í starfsáætlun má finna starfslýsingar meðal annars fyrir kennara, túlka og stuðningsfulltrúa en á vettvangi sást að skýra þarf betur hlutverk þeirra í námi og kennslu. Stundum svöruðu túlkar spurningum nemenda án þess að kennari kæmi þar að og stuðningsfulltúar sáu oft meira eða minna um kennslu táknmálstalandi nemenda. Túlkar voru ekki alltaf til staðar og í sumum tímum komu þeir og fóru og fór það stundum svo að ekki var allt túlkað. Einnig kom fyrir að gengið var ítrekað í veg fyrir túlkinn þannig að nemandinn gat ekki fylst með. Töluvvert var um veikindi starfsmanna þessa daga og ekki virtist vera næg afleysing.

Í rýnihópi kennara kom fram að táknmálstalandi nemendur hafa ekki mikil tækifæri til að eiga í samræðum um nám sitt við aðra nemendur. Það sé þó mismunandi eftir hópum, í einum bekk séu t.d. sex börn sem geta átt í samræðum á táknmáli. Samskipti táknmálstalandi nemenda við aðra nemendur í bekkjar- og faggreinatínum voru yfirleitt lítil og stundum engin og í þeim bekkjum þar sem fleiri en einn nemandi er táknmálstalandi voru samskipti að mestu innan þess hóps. Fram kom að kennarar upplifa að nemendur sem koma einir inn í bekk séu einangraðir. Heilmikil samskipti voru á milli nemenda í tímum á táknmálssviði.

Samskipti heyrandi kennara við táknmálstalandi nemendur voru oft lítil og virtust fara að mestu fram í gegnum táknmálstalandi kennara eða stuðningsfulltrúa. Ekki var mikið um hvatningu til beinna samskipta við aðra nemendur eða kennara. Samskipti voru meiri við þá kennara sem gott vald hafa á táknmáli. Í rýnihópi kennara kom fram að stundum er eins og um sé að ræða tvær kennslustundir í einni, þar sem heyrandi kennari kennir heyrandi nemendum og táknmálstalandi kennari kennir táknmálstalandi nemendum. Þetta sáu matsmenn einnig á vettvangi.

Mikil ánægja er með byrjentalæsið fyrir táknmálstalandi nemendur og sögðu döff kennrarar að þar næðu þeir að kenna samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Í byrjentalæsinu læra nemendur íslenskuna sem fag á íslensku táknmáli, fá hvoru tveggja táknmálið og skýringar þar á og tengja táknmálið við orðaforða íslenska ritmálsins. Kennararnir sögðu þetta vera gríðarlega verðmætan tíma, þar fengju nemendurnir tækifæri til að tjá sig og eiga í samskiptum á táknmáli um námið. Þarna kæmi inn félagsþroskinn, samskipti og rökræður, þættir sem nemendur misstu svo oft af þegar þeir væru inni í bekknum sínum. Þetta kom glögglega fram á vettvangi. Byrjentalæsið fyrir táknmálstalandi nemendur er þróunarverkefni innan skólans og fram kom hjá kennurum að þeir þurftu að hafa mikið fyrir því að fá að vinna það verkefni innan táknmálssviðs, þ.e. að kenna nemendum á yngsta stigi saman.

Kennararnir fóru á námskeið í byrjentalæsi í Háskólanum á Akureyri og til stendur að þróa þetta yfir á miðstigið að þeirra sögn.

Eins og fram kemur hér að ofan þá eru nemendur sem skráðir eru á táknmálssvið fjölbreyttur hópur og eins og einn kennarinn orðaði það „hlutverk táknmáls í lífi þeirra mjög ólíkt.“ Að sögn kennara á táknmálssviði fer það eftir þörfum nemenda en einnig kröfum foreldra hversu mikla táknmálskennslu nemendur fá. Flestir fá táknmálskennslu, frá einum og upp í fjóra tíma á viku. Fram kom hjá döff kennurum að staða nemenda í táknmáli er mjög misjöfn þegar þeir hefja skólagöngu. Sumir koma nánast mállausir inn í skólann og þeir nái ekki hæfniviðmiðum en fyrir aðra eru hæfniviðmiðin of létt, vinna þurfi því út frá þörfum hvers og eins. Nemendum er yfirleitt kennt nokkrum saman í táknmálstínum, oft í aldursblönduðum hópum. Mikil umræða var um hæfniviðmið táknmáls í rýnihópi döff kennara. Til að mæta ólíkri færni nemenda á táknmáli þá nefndu kennarar táknmálssviðs að í stað þess að fylgja aldursviðmiðum varðandi táknmál þá þyrfti að þróa sérstök viðmið fyrir táknmálið. Þannig væri betur hægt að fylgjast með hæfni nemendans sjálfss óháð aldri og hvetja hann þar.

Flestir foreldrar/forráðamenn sem svöruðu könnun og í rýnihópi voru ánægðir með kennsluna í skólanum og flestir voru sammála því að skólinn mætti sérstökum þörfum barnsins. Flestir töldu barnið fá nægjanlegar námslegar áskoranir en einhverjir töldu kröfurðar of litlar. Einig voru flestir þátttakenda ánægðir með skólann og einn orðaði það svo að sá sem fylgdi hennar barni væri „algjör gullmoli“ og þá bætti annar við að það „væru margir gullmolar

hérna." Þess ber að geta að svörun í foreldrakönnun og þátttaka í rýnihópi foreldra var dræm.

Námsmat er byggt á aðalnámskrá grunnskóla og metið er út frá hæfniviðmiðum og matskvörðum sem birtir eru í skólanámskrá. Flestir nemenda á táknmálssviði eru með einstaklingsnámskrá og þá er metið út frá einstaklingsmarkmiðum sem sett hafa verið. Litið er fjallað um námsmat táknmálstalandi nemenda í skólanámskrá en í rýnihópum og viðtölum kom fram að þau fá oftast sama námsmat og aðrir nemendur, sumir fá aðlagað námsefni og aðlagað námsmat og þá er matið stjörnumerkt. Kennarar í rýnihópum sögðu að það gengi almennt vel að meta eftir hæfniviðmiðum. Döff kennarar í rýnihópi sögðu að námsmat táknmálstalandi nemenda í íslensku táknmáli tengdust markmiðum náms og hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Í skólanámskrá sést að námsmat er fjölbreytt og kennarar í rýnihópum töldu svo vera og að það tæki mið af kennsluháttum. Ekki er skráð í skólanámskrá hvernig eigi að bregðast við niðurstöðum skimana og námsmats, hvorki hjá táknmálstalandi nemendum né öðrum nemendum. Hjá foreldrum/forráðamönnum í rýnihópi og sem svöruðu könnun kom fram að flestir telja sig fá góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins.

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að Samskiptamiðstöð hefur metið málþroska táknmálstalandi nemenda. Þetta hefur þó ekki verið gert í skólanum í ákveðinn tíma sökum kostnaðar við prófin og hefur Reykjavíkurborg verið gert að greiða þann kostnað. Deildarstjóri segir í viðtali að kennarar meti táknmálsfærni eftir hæfniviðmiðum aðalnámskrár en hann mundi einnig vilja leggja þessi próf frá Samskiptamiðstöð fyrir til að sjá enn betur hvar nemendur standa í táknmálinu.

Allir viðmælendur í rýnihópum og viðtölum voru sammála um að vontun væri á námsefni fyrir táknmálstalandi nemendur. Samskiptamiðstöð vinnur að því að þýða eða einfalda ákveðnar námsbækur í samvinnu við Menntamálastofnun og Hlíðaskóla, ákveðinni fjárhæð var varið í það verkefni. Forstöðumaður samskiptamiðstöðvar segir að ekki hafi fengist fjármögnun til að framkvæma langtímaáætlun um námsefnisgerð fyrir táknmálstalandi nemendur.

Styrkleikar:

- Námsumhverfið á táknmálssviði tekur mið af menningu og samskiptareglum heyrnarlausra.
- Unnið hefur verið að bættri hljóðvist í skólanum.
- Smarttöflur eru í kennslustofum og þær notaðar og hljóðkerfi er til staðar.
- Öflugir döff kennarar starfa við Hlíðaskóla.
- Döff kennarar hafa mikinn metnað fyrir hönd táknmálsins og nemenda sinna.
- Kennarar sýndu almennt kennslufræðilega hæfni í vettvangsat hugunum.
- Nokkrir heyrandi kennarar hafa gott vald á táknmáli.
- Á táknmálssviði sáust fjölbreyttir kennsluhættir sem tóku mið af menningu og samskiptareglum heyrnarlausra.
- Viðmælendur í viðtölum og rýnihópum í skólanum sögðu jákvæð viðhorf ríkja innan skólans til táknmálsins.
- Ánægja er með kennslu í byrjendalæsi á táknmálssviði á yngsta stigi.

- Yngri nemendur hafa tækifæri til umræðu, skoðanaskipta, samvinnu og samstarfs í gegnum byrjentalæsi.
- Táknmálskennsla er einstaklingsmiðuð og unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár.
- Námsmat táknmálstalandi nemenda er byggt á aðalnámskrá grunnskóla og metið er út frá hæfniviðmiðum og matskvörðum sem birtir eru í skólanámskrá.
- Flestir foreldrar/forráðamenn sem þátt tóku í könnun og rýnihópi eru ánægðir með kennsluna og skólann.

Tækifæri til umbóta:

- Vinna þarf markvisst með stöðu táknmálssviðs innan skólans og fá handleiðslu utanaðkomandi sérfræðinga við þá vinnu.
- Gera táknmál sýnilegra í námsumhverfinu öllu.
- Auka táknmálskennslu fyrir alla nemendur.
- Stórefla táknmálskennslu fyrir alla kennara og skoða hvort hægt sé að umbuna kennurum á einhvern hátt fyrir námið.
- Efla samstarf heyrandi og döff kennara og tryggja aðgengi döff kennara að túlkum svo þeir geti tekið þátt í samstarfi á sama hátt og aðrir kennarar skólans.
- Efla fræðslu fyrir starfsfólk um menningu heyrnarlausra.
- Í stefnumótun þarf að skoða hvernig best er hægt að koma til móts við þarfir táknmálstalandi nemenda varðandi nám og kennslu og leggja þar áherslu á sveigjanleika, þannig að nemendur búi við gott málsamfélag.
- Auka tækifæri nemenda til umræðu, skoðanaskipta, samvinnu og samstarf almennt í skólanum, m.a. í gegnum fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf eins og hefur verið gert hjá yngri nemendum í byrjentalæsi.
- Skýra hlutverk og verkaskiptingu á milli kennara, túlka og stuðningsfulltrúa.
- Gæta þess að túlkar séu alltaf til staðar og túlki allt sem fram fer.
- Nýta má tæknina enn betur.
- Betur má nýta tímann í kennslustundum.
- Klára kafla um táknmálssviðið í skólanámskrá, lýsa þar fyrirkomulagi náms, námsumhverfi og námsmati.
- Setja fram tilhögun sérstaks stuðnings við táknmálstalandi nemendum í kennsluáætlunum og tengja við einstaklingsnámskrár.
- Skrá í námskrá hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats.
- Skólinn þarf að leggja meiri áherslu á öflugt samstarf við alla ytri aðila sem koma að málum táknmálstalandi nemenda.

Tækifæri til umbóta utan skólans:

- Í tengslum við stefnumótun þarf að skoða hvort þörf sé á öðru námsmati í táknmáli en skólinn sér um.
- Fara í markvissa námsefnisgerð fyrir táknmálstalandi nemendum.
- Auka framboð menntunar og endurmenntunar fyrir kennara og fagfólk sem starfar með táknmálstalandi nemendum.
- Efla samstarfi milli ólíkra aðila/stofnana sem koma að málefnum táknmálstalandi nemenda og skoða hvernig nýta megi þekkingu og reynslu sem verður til á ólíkum stöðum til að móta og þróa tækifæri til menntunar þessa nemendahóps.

## Félagslegt umhverfi nemenda og möguleikar þeirra til að nýta táknmál til tjáskipta

Á vettvangi, í viðtölu og rýnihópum kom fram að félagsleg staða nemenda er mismunandi. Fram kom hjá deildarstjóra að það getur háð táknmálstalandi nemendum félagslega að búa ekki í hverfinu en nemendur búa víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu. Hjá kennurum kom fram að nemendur á táknmálssviði taka þátt í öllum viðburðum og vita hvað er í boði. Allar skemmtanir eru túlkaðar, túlkar fara með í ferðir og eru til staðar í frímínútum hjá yngri nemendum. Flestir foreldrar/forráðamenn sem þáttóku í könnun og rýnihópi sögðu að barnið þeirra tæki þátt í félagsstarfi í skólanum en fram kom að félagsleg staða þeirra er misjöfn, sum upplifa sig sem hluta af hópnum á meðan önnur eiga enga vini.

Í vettvangsathugunum mátti sjá að táknmálstalandi nemendur eiga mest í samskiptum sín á milli í kennslustundum og yfirleitt sáust lítil samskipti á milli táknmálstalandi nemenda og heyrandi nemenda. Í sumum árgögum er aðeins einn táknmálstalandi nemandi eins og fram hefur komið. Fram kom að heyrnarlausu börnin halda saman og að einangrunin eykst oft eftir því sem þau eldast. Það sé erfitt fyrir ungleinga að skera sig úr og eiga í samskiptum í gegnum starfsmenn og þá fari þeir stundum að þykjast heyra meira en þeir gera. Hjá kennurum kom fram að táknmálskennslan í 1. til 7. bekk hafi gert nemendur opnari fyrir samskiptum við táknmálstalandi nemendur.

Foreldrar/forráðamenn í rýnihópi og sem þáttóku í könnun voru flestir sammála því að barnið sitt fengi tækifæri til fjölbreyttra samskipta í skólanum. Fram kom að það gæti verið erfitt fyrir börnin að tilheyra báðum hópunum, heyrandi og táknmálstalandi, og þá gæti komið fram mótprói gegn táknmálinu. Í rýnihópi kennara kom fram að tæknin hefði að einhverju leyti breytt félagslegri stöðu þessara nemenda, þau t.d. væru þátttakendur í ýmsum hópum í gegnum netið.

Til þess að búa nemendum betra málsamfélag sitja táknmálstalandi nemendur saman í hafragrautnum sem boðið er upp á á morgnana og með þeim sitja döff kennrarar og deildarstjóri táknmálssviðs. Að sögn deildarstjóra velja að jafnaði um 6 til 7 nemendur að sitja þar og spjalla að morgni áður en skóladagur byrjar og eru það yngri nemendur. Matsmenn sáu að nemendur nýttu þessar stundir vel og þær voru notaðar.

Einu sinni í viku fer hluti yngri nemenda í leigubíl í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra í það sem kallað er Gaman saman. Samskiptamiðstöð býður þá nemendum úr Hlíðaskóla og leikskólanum Sólborg ásamt nemendum úr öðrum sveitarfélögum að koma saman þar sem markviss málörvun fer fram í gegnum þemavinnu. Þetta er val fyrir nemendur og unnið í samstarfi við foreldra. Skólastjóri segir að erfitt hafi verið að láta nemendur sleppa tínum úr stundatöflu en mikilvægt væri að hafa þennan vettvang.

Styrkleikar:

- Að sögn flestra foreldra/forráðamanna í rýnihópi og könnun fá börnini þeirra tækifæri til fjölbreyttra samskipta í skólanum og taka þátt í félagslíf skólans.
- Til að búa nemendum betra málsamfélag sitja yngri nemendur saman í matsalnum í hafragrautnum á morgnana ásamt starfsmönnum táknmálssviðs.
- Nemendum er boðið upp á málörvun á vegum Samskiptamiðstöðvar einu sinni í viku.

Tækifæri til umbóta:

- Auka tækifæri til samskipta bæði innan og utan kennslustofunnar með sveigjanlegum starfsháttum.
- Vinna markvisst að því að jafna stöðu tungumálanna og efla fræðslu um táknmál og menningu heyrnarlausra.
- Bjóða heyrandi nemendum upp á meiri möguleika á að læra táknmál þannig að þeir þori að taka frumkvæði að samskiptum á táknmáli.
- Huga að því, í samráði við Samskiptamiðstöð, hvort ekki sé hægt að fullnægja málörvun í skólanum svo börnin þurfi ekki að ferðast á milli stofnana í leigubílum á skólatíma.

# Könnun til sveitarfélaga

Eftirfarandi könnun var send til allra sveitarfélaga á landinu í nóvember 2018:

**Táknmálstalandi nemendur**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur nú fyrir frumkvæðisathugun á námi táknmálstalandi nemenda. Hluti af þeiri athugun er að senda út eftirfarandi könnun til allra sveitarfélaga þar sem spurt er um táknmálstalandi nemendur í sveitarfélagini og þjónustu við þá.

\* 1. Nafn sveitarfélags:

\* 2. Hafa á síðastliðnum fimm árum verið táknmálstalandi nemendur í grunnskóla/grunnskólum sveitarfélagsins?

Já       Nei

3. Ef svarið er "Já" við spurningu 2, hversu margir hafa þeir nemendur verið?

4. Ef svarið er "Já" við spurningu 2, hvaða þjónustu hafa viðkomandi nemendur fengið?

5. Athugasemdir?

**Skila**

Ítrekun um svörun var send tvívar og 53 af 72 sveitarfélögum svöruðu.

Táknmálstalandi nemendur höfðu verið í níu af sveitarfélögum 52 síðustu fimm ár og dreifast eins og sést í eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Nemendur	Skýringar
Reykjavík	25	Hlíðaskóli
Kópavogur	7	
Reykjanesbær	2	Sækja skóla til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra samkvæmt samning á milli Reykjanesbæjar, heimaskóla og SHH.
Hafnarfjörður	1	Er í Hlíðaskóla í Reykjavík
Mosfellsbær	1	
Grindavík	1	
Sandgerði og Garður	1	Sagður í skóla utan sveitarfélags sem ekki var tilgreindur
Akureyri	1	
Vestmannaeyjar	1	

Spurt var um hvaða þjónustu þessir nemendur hafa fengið og eftirfarandi var nefnt:

- Sérkennsla.
- Stuðningur þroskaþjálfa sem talar táknmál.
- Unnið samkvæmt einstaklingsnámskrá.
- Táknmálskennsla.
- Táknmálstulkur þegar þörf er á.
- Aðlagað námsumhverfi.
- Nemendur í bekk fengu táknmálskennslu um tíma og aðstoð við lestrarnám.
- Í tveimur sveitarfélögum var nefnt að foreldrar hefðu fengið túlkabjónustu í viðtöllum, á viðburðum og á fundum í skólanum.

# Heimildaskrá

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs nr. 61/2011. Sótt af:

<https://www.althingi.is/altext/stjt/2011.061.html>

Menntamálastofnun. (2018). Skráningarblað fyrir vettvangsathugun. Fylgir

viðmiðum um gæði í skólastarfs, endurskoðaðri útgáfu. Sótt af

[https://mms.is/sites/mms.is/files/kennslustundaathugun\\_daemi\\_skola.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/kennslustundaathugun_daemi_skola.pdf)

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). Aðalnámskrá grunnskóla:

Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Sótt af

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

Sigríður Sigurðardóttir. (2014). Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla.

Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=05feb9ee-52a4-11e7-941a-005056bc530c>

Sigrún Harpa Magnúsdóttir (ritstjóri), Dröfn Rafnsdóttir, Guðrún Edda

Bentsdóttir, Hrund Logadóttir, Nanna Kristín Christiansen, Una Björk

Bjarnadóttir og Valgerður Erna Þorvaldsdóttir. (2016). *Hlíðaskóli: Ytra mat*.

Reykjavík: Skóla- og fristundasvið Reykjavíkurborgar. Sótt af

[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefud\\_efni/107\\_1.1\\_sk\\_yrrsla\\_hlidaskoli.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefud_efni/107_1.1_sk_yrrsla_hlidaskoli.pdf)

# Viðauki

## Gátlisti við mat á námi og kennslu táknmálstalandi nemenda

Bekkur/hópur:	Fjöldi döff nem.:	Dagsetning:	Tími:
Námsgrein:	Fjöldi annarra nem:	Kennrarar:	Aðrir fullorðnir:
Þættir til að skoða		Athugasemdir	
Skipulag og undirbúningur:			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Skólastofan eða námsumhverfið er vel skipulagt/tekur mið af menningu og samskiptareglum heyrnarlausra</li> <li>Smarttafla til staðar og notuð.</li> <li>Hljóðkerfi er til staðar og það notað.</li> <li>Viðeigandi námsgögn eru til staðar.</li> <li>Nemandi/nemendur nálægt kennara.</li> <li>Nemendur ná augnsambandi við hvern annan.</li> <li>Námsumhverfi endurspeglar menningu heyrnarlausra/að táknmál er hluti af námsumhverfinu.</li> <li>Hljóðvist er góð.</li> </ul>			
Kennsluaðferðir:			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Táknmál er notað.</li> <li>Kennsla fer fram á táknmáli (að öllu leyti, að hluta, að litlu leyti, að engu leyti)</li> <li>Markmið kennslustundarinnar og viðmið um árangur eru sett fram og kynnt nemenda/nemendum.</li> <li>Kennslustundin er vel uppbyggð (kveikja/tenging við fyrra nám, vinna nemenda, samantekt í lokin).</li> <li>Tíminn er vel nýttur.</li> <li>Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar.</li> <li>Komið er til móts við mismunandi þarfir og getu</li> </ul>			

<p>nemanda/nemenda með námsaðlögun.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennari spyr skýrra markvissra spurninga sem leiða nemanda/nemendur áfram.</li> <li>• Táknmáli og íslensku er fléttad saman á merkingarbæran hátt innan kennslustunda.</li> <li>• Kennari leitast við að útskýra lykilhugtök á íslensku og íslenska táknmálínú.</li> <li>• Nemandi/nemendur fá uppbyggjandi endurgjöf sem leiðir til framfara. Nám og kennsla eru aðlöguð í ljósi endurgjafarinnar.</li> <li>• Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg.</li> <li>• Góð samvinna er á milli kennara og táknmálstúlka/stuðningsfulltrúa.</li> </ul>	
<p>Samskipti og samstarf:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samskipti kennara og nemanda/nemenda og nemenda á milli einkennast af virðingu.</li> <li>• Nemandi/nemendur fá verðskuldað hrós.</li> <li>• Kennari sýnir miklar en raunhæfar væntingar til nemanda/nemenda.</li> <li>• Nemandi/nemendur eru hvattir til að spyrja og taka þátt og framlagi þeirra er vel tekið.</li> <li>• Nemandi/nemendur vinna saman og með öðrum nemendum.</li> <li>• Nemendur nota táknmál sín á milli.</li> <li>• Nemendur nota túlk til samskipta við samnemendur.</li> <li>• Nemendur nota táknmál til samskipta við kennara (beint/með táknmálstúlki).</li> <li>• Nemandi/nemendur taka þátt í umræðu og skoðanaskiptum.</li> </ul>	
<p>Þátttaka nemenda:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemandi/nemendur vinna vel.</li> <li>• Nemandi/nemendur sýna náminu áhuga.</li> <li>• Allir nemendur taka virkan þátt.</li> </ul>	

<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemandi/nemendur fá viðfangsefni við hæfi.</li><li>• Nemendur fá að utfæra verkefni á sinn hátt.</li></ul>	
Námsmat (ef sést): <ul style="list-style-type: none"><li>• Námsmat er fjölbreytt:<ul style="list-style-type: none"><li>○ Leiðsagnarmat.</li><li>○ Sjálfsmat nemenda.</li><li>○ Jafningjamat.</li><li>○ _____</li><li>○ _____</li></ul></li></ul>	
Samantekt:	

